

*Þróunarverkefni unnið á árunum 1998 – 2000 í leikskólanum Klettaborg,  
Dyrhömrum 28, Reykjavík*



# ***Leggjum orð í belg***

*„seg mér að sunnan, ég er nýkomin að norðan“*

**Höfundar:**  
**Kolbrún Vigfúsdóttir verkefnisstjóri**  
**Lilja Eypórsdóttir leikskólastjóri**

**Reykjavík í maí 2000**  
**Endurútgefið í mars 2019**

## **Formáli**

Nú eru 20 ár síðan leikskólinn Klettaborg var að vinna það þróunarstarf sem fjallað er um í þessari skýrslu og sjálfur skólinn verður 30 ára á næsta ári.

Það ótrúlega er að þetta þróunarstarf, *Leggjum orð í belg, „seg mér að sunnan ég er nýkomin að norðan“* sem tók sín fyrstu skref fyrir tveimur áratugum hefur skilað sér margfalt til baka og er í sílelldri þróun.

Í maí 2018 kom út skýrsla um ytra mat í leikskólanum Klettaborg sem unnið var af Menntamálastofnun fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Leikskólinn var á grænu í öllum matsþáttunum og leika það ekki margir eftir.

Í skýrslu Menntamálastofnunar segir m.a.:

*„Virðing, uppbyggjandi samskipti og væntumþykja einkenna samskipti starfsfólks við börnin og markviss vinna í starfsmannahópnum til að stuðla að góðum samskiptum við börnin er til fyrirmyndar. Unnið er markvisst að flestum námssviðum leikskólans, einkum eflingu læsis og samskipta og til fyrirmyndar er hvernig unnið er með þjóðsögur og þulur.“*

Svo mörg voru þau orð og eftir því glæsileg.

Í gegnum tíðina hefur undirrituð sótt visku til Lilju Eyþórsdóttur leikskólastjóra Klettaborgar og lesið skýrslu þessa fram og til baka til að nota í starfi mínu sem deildarstjóri og síðar leikskólastjóri. Margur hefur gert slíkt hið sama og víða má sjá skýrslu þessa í hillu inni á skrifstofu hjá leikskólastjórum.

Þar sem þróunarskýrsla þessi hefur ekki verið aðgengileg á netinu þá fékk undirrituð leyfi til að setja hana saman í eitt skjal og setja á netið. Hún á fullt erindi við okkur enn í dag og eldist alveg ótrúlega vel.

Skýrslan er lítið breytt, nema settar voru inn myndir sem tengjast vinnu barnanna í Klettaborg með þjóðsögur og þulur.

Njótið vel!  
Ingibjörg E. Jónsdóttir

## Efnisyfirlit

Inngangur	.....	4
1. Aðdragandi, markmið, rökstuðningur	.....	5
Aðdragandi	.....	5
Markmið	.....	5
Rökstuðningur	.....	6
2. Umhverfi, þátttakendur	.....	7
Umhverfi	.....	7
Þátttakendur	.....	7
3. Skipulag verkefnisins	.....	8
Fyrri árið	.....	8
Seinna árið	.....	8
Fundir	.....	9
4. Fræðsla fyrir starfsfólk	.....	10
Elísabet Arnardóttir	.....	10
Heimir Pálsson	.....	10
Jóhanna Einarsdóttir	.....	11
Sigurður Björnsson	.....	11
5. Framkvæmd	.....	12
6. Starfsaðferðir, fræðsla	.....	15
Vinnuaðferðir starfsfólks	.....	15
Fræðslustarf vetrarins fyrir börnin	.....	15
Málörvun	.....	15
7. Mat	.....	16
Aðferðir við að meta verkefnið	.....	16
Niðurstöður úr matslistum	.....	16
Niðurstöður úr vettvangsathugunum	.....	16
Viðtal við fjóra starfsmenn	.....	17
Viðtal við tvö börn	.....	21
8. Almennar niðurstöður	.....	23
9. Formlegu þróunarverkefni er lokið, hvað svo?	.....	25
Lokaorð	.....	26
Fylgiskjöl 1 - 15	.....	27-46

## Inngangur

Í þessari skýrslu er fjallað um þróunarverkefnið ***Leggjum orð í belg „seg mér að sunnan, ég er nýkomin að norðan“***.

Verkefnið var unnið í leikskólanum Klettaborg á tímabilinu 1998 – 2000 af starfsmönnum leikskólans. Verkefnisstjóri var Kolbrún Vigfúsdóttir leikskólaráðgjafi.

Hér á eftir er fjallað um aðdraganda verkefnisins, skipulag þess, vinnuaðferðir, fræðslu starfsfólks og mat á niðurstöðum.

Þróunarverkefnið var styrkt af „Þróunarsjóði Leikskóla Reykjavíkur“ (áður Dagvist barna) og „Þróunarsjóði fyrir leikskóla“ á vegum menntamálaráðuneytisins.

Framangreindum aðilum er þakkað fyrir styrkveitingarnar sem gerðu vinnu að þessu verkefni mögulega.

Fyrirlesurum og starfsfólki Klettaborgar þökkum við mikilvægt innlegg og ötulst starf og þátttöku að verkefninu.

---

Kolbrún Vigfúsdóttir  
verkefnisstjóri

---

Lilja Eypórsdóttir  
leikskólastjóri

# 1. Aðdragandi, markmið, rökstuðningur

## Aðdragandi

Hugmyndin að þróunarverkefninu kviknaði upp úr umræðum leikskólakennara í Klettaborg um hlutverk leikskólans í menntakerfinu. Í lögum um leikskóla frá 1994 eru sett fram aðalmarkmið fyrir leikskólastarf sem hverjum leikskóla er gert að fylgja. Uppeldisáætlun fyrir leikskóla frá 1991\* var leiðarvísir að útfærslu þeirra markmiða. Samkvæmt stefnu Leikskóla Reykjavíkur (*áður Dagvist barna*) er hverjum leikskóla frjálst að velja sínar leiðir í uppeldisstarfinu svo lengi sem þær samræmast áðurnefndum lögum og aðalnámskrá.

Í umræðu leikskólakennaranna í Klettaborg beindist ljósið að eigin leikskóla og þeirri spurningu hver væri sérstaða hans.\*\* Hópurinn í Klettaborg varð sammála um mikilvægi tungumálsins fyrir þroska barnsins en velti því jafnframt fyrir sér hversu gott málumhverfi væri í leikskólanum og hver staða barnanna væri varðandi málskilning og máltjáningu við útskrift þeirra af leikskólum.

Í framhaldi af þessari umræðu tók hópurinn ákvörðun um að undirbúa þróunarverkefni sem tengdist málumhverfi leikskólans. Einn þáttur í undirbúningi þróunarverkefnis var að finna því nafn og í Klettaborg var valin sú leið að efna til hugmyndasamkeppni meðal starfsfólks. Heitið „**Leggjum orð í belg**“ var valið vegna merkingarinnar “að skjóta orði inn í umræðuna”, og löngum hefur það verið siður þjóðarinnar að spyrja fréttu þegar menn hittast „**seg mér að sunnan ég er nýkomin að norðan**“

## Markmið

Markmið verkefnisins var „að gera málumhverfi barnanna í leikskólanum betra, með áherslu á máltjáningu og málskilning.“

*Til að ná þessu markmiði var ákveðið að vinna að eftirtöldum þáttum:*

- Gera vinnubrögð skýrari / betri í leikskólanum og stuðla þannig að markvissri málörvun.

---

\*Uppeldisáætlun fyrir leikskóla var forveri aðalnámskrár sem gefin var út af menntamálaráðuneytinu árið 1999.

\* \*Úr mörgu er að velja í starfi leikskóla sem áhugavert er að þróa sérstaklega t.d. áhersla á hreyfingu, tónlist, sérstöðu kynjanna, heilsu, sköpun og margt fleira.

- Þróa matstæki til að finna þau börn sem eru með frávik í málskilningi / máltjáningu.
- Setja saman vinnuáætlun sem tengist daglegu og skipulögðu starfi til að örva betur þau börn sem eru með slakan málskilning / máltjáningu.

Ætlunin var fyrst og fremst að þjálfva börnin í frjórri notkun málsins við allar aðstæður og ganga þar út frá getu og hæfni hvers og eins.

## Rökstuðningur

Rökstuðningur fyrir vali á verkefni og aðferðum er sú hugsun, að lengi býr að fyrstu gerð. Á forskólaaldri leggja börnin grunn að málskilningi og máltjáningu sem fylgir þeim í gegnum allt skólakerfið og út í lífið og framtíðina. Mikilvægt er því að fylgjast vel með máltöku og málþroska barna í leikskóla og hafa á takteinum rétta málörvun þar og þegar þess er þörf.\*

Málið er tæki einstaklingsins í samskiptum og hverjum einstaklingi er mikilvægt að geta auðveldlega komið orðum að hugsunum sínum og skoðunum, það eykur honum sjálfstraust og færni í samskiptum.

Hlutverk leikskólans hefur verið að breytast í áranna rás í takt við breytta þjóðfélagsgerð. Í dag vinna flestir foreldrar utan heimilis og börnin hefja skólagöngu sína í leikskólanum 1 – 2ja ára, stundir til samvista innan fjölskyldunnar er því orðnar færri.

Auk þessa hefur framboð á efni sem ætlað er börnum aukist stórlega í formi sjónvarps-, myndbanda- og tölvuefnis allskonar. Notkun barna á þessum miðlum styrkir minni þeirra, eftirtekt og eykur þeim þekkingu á mörgum sviðum en sérstaða þessara miðla er einhæfni þ.e. barnið er þarna alltaf í hlutverki móttakandans og hefur þar með ekki tækifæri til að tjá sig í eðlilegri samræðu.

Þess vegna hefur hlutverk leikskólans fengið meira vægi en áður hvað varðar að bjóða barninu frjótt málumhverfi, þar sem fram fer frjó umræða milli barna og leiðbeinenda þeirra. Sömuleiðis að leikskólinn skapi fordæmi um umhverfi þar sem börnin eru hvött til þátttöku í samræðum og um leið að hlustað sé á skoðanir þeirra.

---

\* Í þeim tilfellum eru höfð fá börn í hópi þar sem markvisst er unnið með málörvun undir handleiðslu sérmenntaðs fólks

## 2. Umhverfi, þátttakendur

### Umhverfi

Leikskólinn Klettaborg er þriggja deilda leikskóli fyrir börn á aldrinum 1 – 5 ára og að meðaltali dvelja þar 60 börn samtímis.

Leikskólinn verður 10 ára í júní 2000. Klettaborg er einn af þrem leikskólum sem byggðir voru um svipað leyti eftir sömu teikningu.

Leikskólinn hefur frá upphafi lagt megin áherslu á val og hópastarf. Á fyrstu árum leikskólans var unnið umhverfisverkefnið „Vatnavinir“ undir stjórn þáverandi leikskólastjóra Sigfúsar Aðalsteinssonar. Núverandi leikskólastjóri tók við stjórn árið 1994 og hefur frá þeim tíma verið lögð áhersla á að endurskoða og þróa áfram leiðir í vali og hópastarfi.

### Þátttakendur

Allir starfsmenn leikskólans tóku þátt í almennu starfi, könnun á málumhverfi og fræðslu. Um undirbúning og skipulagningu verkefnisins sáu átta leikskólakennarar auk leikskólastjóra og verkefnisstjóra. Fjórir leikskólakennarar störfuðu að verkefninu allan tímann og grunnskólakennari bættist í hópinn seinna árið.

Á tímabilinu var nokkur hreyfing á starfsfólki, alls átta starfsmenn sem komu og fóru á þessum tveim árum og hafði það vissulega nokkur áhrif á vinnuna við verkefnið. Það kom meðal annars fram þegar seinni könnun á málumhverfi var gerð, þar tóku færri starfsmenn þátt en í þeirri fyrri.



Búkolla – nestisskjóða karlssonar

### **3. Skipulag verkefnisins**

Í umsóknum um styrki til verkefnisins var gert ráð fyrir að það tæki tvö ár eða frá 1998 – 2000. Sótt var um styrki til eins árs í senn og gerð starfsáætlun fyrri hvort ár í samræmi við þau tímatakmörk.

#### **Fyrri árið**

Fyrri árið var gerð áætlun um könnun á málumhverfi leikskólans og var það hlutverk faghópsins að undirbúa og hanna spurningalista fyrir slíkt mat. Annars vegar var um að ræða spurningalista sem allir starfsmenn leikskólans svöruðu og hinsvegar spurningalista sem athugandi fyllti út. Gerð var áætlun um fræðslu fyrir starfsfólk um máltöku barna, mikilvægi málörvunar og málnotkunar í leikskóla.

Einnig var gerð áætlun um að þróa matstæki til að leita uppi börn með frávík í málskilningi / máltjáningu og einnig matstæki til að meta málþroska barnanna. Þessi ætlan sýndi bjartsýni byggða á þekkingarskort. Að þróa slík matstæki er margra ára vinna sérfræðinga á því sviði og það kom á daginn að til eru slík tæki. Orðaskil eftir Elínu Þöll Þórðardóttur fyrir börn á aldrinum 1,5 – 3 ára (1998), og í Íslenska þroskalistanum eftir Einar Guðmundsson og Sigurð J. Grétarsson (1997) er einn þátturinn um málþroska sem skipt er í hlustun og tal.

#### **Seinna árið**

Seinna árið var því gerð áætlun um að gera málþroskapróf á öllum 2,6 – 3ja ár börnum og börnum fæddum 1994.\* Áætlað var að vinna með málörvun útfrá niðurstöðum þessara prófa.

Á þessu ári var einnig gerð áætlun um fræðslu í notkun heimspekilegra aðferða til að efla skapandi hugsun og frjóa umræðu meðal barna og starfsmanna. Það var tilfinning starfsmanna að oft skorti á málskilning elstu barnanna, hæfni til að hlusta, tjá tilfinningar sínar og hugsanir og taka þátt í samræðum. Því var gerð áætlun um að kynna sér vinnuaðferðir heimspekinnar sem tengja mætti vinnu með tveim elstu árgöngunum.

Vorið 2000 var aftur gert mat á málumhverfi leikskólans og mælt með sama lista og notaður var í upphafi verkefnisins

---

\* Þessi hópur var næst elsti hópurinn 1999



## Fundir

Á tímabilinu voru haldnir samtals sjö fundir með faghópnum og verkefnisstjóra, tveir almennir starfsmannafundir og þar að auki var umræða um verkefnið tekin fyrir á fjórum almennum starfsmanna-fundum. Leikskólastjóri og verkefnisstjóri hittust all oft á tímabilinu til að ræða gang verkefnisins, umfang og framvindu.



## 4. Fræðsla fyrir starfsfólk

### Elísabet Arnardóttir talmeinafræðingur.

Erindi Elísabetar fjallaði um mál og máltöku. Greinarmunur er gerður á máli og tali, málið er geymt í heilanum og er þekking á táknerfi en talið er það sem við segjum. Í ræðu sinni um málþroskann þá skipti hún honum í þrennt:

- Málskilning sem er skilningur á mæltu máli, lesefni og táknmáli, dæmi um það þegar barn fer eftir fyrir mælum eða svarar spurningum.
- Máltjáning er að tala, tjá sig skriflega eða með öðrum hætti ( t.d. táknmáli ). Atriði sem varða máltjáningu eru t.d. rödd, framburður, orðaröð og orðaforði, lengd setninga og skipulag frásagnar.
- Málbeiting er félagslegt eðli máls í samskiptum við aðra, dæmi um það er að tala mátulega hátt miðað við aðstæður, grípa ekki fram í, heilsa og kveðja og hlusta meðan aðrir tala.

Elísabet talaði einnig um máltöku barna, forstíga máltöku, hlutbundna hugsun yfir í huglæga hugsun, hún sagði: „reynslan býr til hugsun sem leiðir til máls“

### Heimir Pálsson dósent

Heimir ræddi í sínu erindi um mikilvægi þess að hafa vald á tungumáli sínu, það væri forsenda þess að ná tökum á tilverunni. Hafa orð yfir alla hluti, gjörðir og tilfinningar fyllir einstaklinginn öryggi.

„Að læra mál er eins og að fá merkimiða á tilveruna“, sagði Heimir. Við þurfum á orðum að halda til að villast ekki af leið. Ef þjóð eða einstaklinga vantar tungumálið þá vantar einnig sjálfsmyndina. Að hafa vald á málinu gefur einstaklingnum „völd“ því betri tök sem við höfum á tungumálinu þeim mun meiri völd getur maður haft.

Heimir sagði að hægt væri að sjá að ákveðin stéttarskipting snýst um „málarslegt vald“ þ.e.a.s. sá sem getur tjáð sig á fjölbreyttan og öruggan hátt hefur meiri völd í samskiptum en sá sem hefur slakari máltjáningu.

Fjölbreytni í málnotkun skiptir miklu máli, að geta tjáð sig á mismunandi hátt við mismunandi aðstæður. Í þessu sambandi er orðaforðinn mikilvægur og á leikskóalaldrinum hefst móttakan á orðum og málsniði. Börn sem alast upp við fjölbreytni í málnotkun á unga aldri búa að því alla tíð og nýta sér það þegar þau verða eldri.

Miklar breytingar munu eiga sér stað í framtíðinni og enginn veit hvernig heimurinn verður t.d. eftir 10 ár, eitt er ljóst að við lifum við miklar og hraðar breytingar í tækni og öðrum framförum. Eina leiðin inn í framtíðina er málið, aðrar þekktar leiðir eru ekki til í dag sagði Heimir.

### Jóhanna Einarsdóttir talmeinafræðingur

Jóhanna talaði um málörvun í daglegu starfi í leikskóla. Hún afhenti öllum starfsmönnum minnispunkta úr erindinu þar sem fram koma almenn atriði í málörvun í 16 liðum (*fylgiskjal 1*).

### Sigurður Björnsson heimspekingur

Sigurður hélt námskeiðsdag með öllu starfsfólki leikskólans, hann byrjaði á almennri fræðslu um heimspeki og stuttu innleggi um heimspeki Sókratesar, John Dewey's og Matthew Lipman's. Síðan fjallaði hann um heimspekilega umræðu með börnum og að lokum lagði hann nokkur verkefni fyrir hópinn. Á námskeiði sem hann hélt síðar í Ölfusborgum með tilvonandi „sérfræðingum“ var farið í verklegar æfingar jafnhliða fræðslu.



## 5. Framkvæmd

**5.1** Haustið 1998 vann faghópurinn\* að gerð spurningalista til að meta málumhverfið í leikskólanum (*fylgiskjal 2,3,4*). Matið var síðan framkvæmt í framhaldi af því. Eins og áður sagði var um að ræða annars vegar sjálfsmat starfsfólks og hins vegar skráning utanaðkomandi aðila. Í ljós komu ákveðnir gallar á matstækinu en jafnframt að notkun þess gaf ákveðnar vísbendingar um mun milli þess hvernig starfsmenn telja sig nota málið og tala til barnanna og þess sem athugandinn skráði. Þessi munur átti sérstaklega við um samskipti í matartímum og samverustundum. Einnig var all mikill munur á því hvernig starfsfólk túlkaði hugtakið „opnar spurningar“. Í ljósi þessa var sett af stað vinna á hverri deild þar sem rætt var hvað „opnar spurningar“ eru og hvernig á að nota þær í samskiptum við börnin (*fylgiskjal 5*).

**5.2** Til að meta enn frekar málumhverfi leikskólans gerði verkefnisstjóri vettvangsathugun í mars 1999 á málnotkun starfsfólks við mismunandi aðstæður. Verkefnisstjóri fylgdist með og skráði málnotkun starfsmanna í verkefnavinnu með börnunum á þann hátt að fylgjast með starfsmanni í 10 mínútur í hverri skráningu. Niðurstöður voru þær að almennt var mikið rætt við börnin og þeim oftast gefið tækifæri til að tjá hugmyndir sínar. Spurningum þeirra var svarað greiðlega í all flestum tilfellum og almennt reynt að nota „opnar spurningar“. Það sem athugandi benti á til úrbóta var að starfsfólk mætti þjálfa sig markvissara og betur í að hlusta sjálft og hvetja börnin í að „tala saman“ þ.e.a.s. hlusta hvert á annað og ræða um ákveðið málefni eða atburð (*fylgiskjal 6*).

**5.3** Sumarið 1999 var gert málþroskapróf hjá tveim árgöngum í leikskólanum, 3ja ára og barna sem fædd voru 1994\* Tilgangurinn var að kanna hver staða þeirra væri sem hóps og einstaklinga. Í ljós kom að eitt barn í elsta árgangi kom ekki nægilega vel út í prófinu en annars var staða barnanna góð. Það vakti athygli að drengir fengu lakari útkomu en stúlkur þrátt fyrir að prófið geri ráð fyrir mismun á kynjum (*fylgiskjal 7*). Þau börn sem ekki fengu nægilega góða útkomu voru sett í málörvunarhópa þar sem sérstaklega var unnið með þá þætti sem var ábótavant s.s. varðandi orðaforða, málskilning og setningagerð.

---

\*“faghópurinn” samanstóð af leikskólakennurun, reyndum leiðbeinendum, leikskólastjóra og verkefnisstjóra

\* Elsti árgangurinn í leikskólanum 1999 – 2000

5.4 Haustið 1999 hófst vinna við að kynna hópnum vinnuaðferðir heimspekinnar til að nota í vinnunni með tveim elstu árgöngunum í leikskólanum. Sigurður Björnsson heimspekingur fræddi starfsfólk á námskeiðsdegi leikskólans um tilgang þess að nota aðferð heimspekinnar í vinnu með börnum. Í framhaldi af því var ákveðið að þjálfa upp hóp „sérfræðinga“ innan leikskólans í þeirri vinnu.\*

Hópurinn fékk að sitja tíma hjá Sigurði í leikskólaskor KHÍ frá hausti til áramóta tvisvar í viku, tvo tíma í senn. Sigurður hélt tveggja daga námskeið með átta starfsmönnum og leikskólastjóra í Ölfusborgum þetta sama haust. Þessum starfsmönnum var síðan gert að sjá um heimspekivinnuna í leikskólanum með elstu börnunum.

Í tengslum við þetta tók Sigurður að sér að útbúa samræðu-leiðbeiningar við 1. kafla bókarinnar um Bangsímon eftir A.A. Milne. Sérstök áhersla var lögð á siðfræðiþáttinn í samræðunni af þeirri ástæðu fyrst og fremst að börn á þessum aldri eru oft upptekin af spurningum sem tengjast siðfræði s.s. hvað er rétt? Og hvað er rangt?, hvað má?, og hvað má ekki?, og hvers vegna?!!

***Hér kemur lítið dæmi úr umræðum sem fóru fram í heimspekítíma með elstu börnunum. Umræður úr kaflanum um umhyggju.***

***Kennari:*** Á ég að segja þeim sem mér þykir vænt um ef mér finnst hann í ljótum fötum:

***Börnin einum rómi:*** Ne hei

***Kennari:*** Af hverju ekki?

***Barn:*** Þá getur hann orðið leiður

***Kennari:*** Já en einu sinni heyrði ég að einn strákur sagði eitthvað ljótt við barn sem var að koma í leikskólann með mömmu sinni, má það?

***Börn:*** Nei þá getur mamman orðið leið, strákurinn getur líka orðið leiður.

***Eftir smá stund segir einn strákurinn sem hafði þagað lengi:*** „Það var ég sem sagði þetta, en ég er hættur því“.

***Kennari:*** Já, ég hef tekið eftir því að þú hefur ekki sagt svona lengi.

Leiðbeiningar Sigurðar eru þannig uppbyggðar að fyrst eru hugleiðingar fyrir kennarann um heimspekilega þáttinn í textanum til að hann geti undirbúið sig fyrir samræðuna með börnunum (*fylgiskjal 8*).

„Sérfræðingarnir“ hófu tilraun með að nota þessar samræðuleiðbeiningar í mars 2000 og var foreldrum kynnt það bréflega (*fylgiskjal 9*).

---

\* Í hópnum eru leikskólakennarar og reyndur leiðbeinandi

**5.5** Veturinn 2000 gerði verkefnisstjóri aftur vettvangsathugun í leikskólanum í þeim tilgangi að meta málnotkun barna og starfsfólks. Notaðar voru fyrirfram ákveðnar spurningar til að fylgjast með málfarslegum samskiptum barna og starfsfólks við mismunandi aðstæður (*fylgiskjal 10*).

Helstu niðurstöður voru að starfsmenn notuðu yfirleitt opnar spurningar, nöfn yfir hluti og verkefni og töluðu til barnanna með nafni. Starfsmenn hvöttu til umræðna og hlustuðu á athugasemdir barnanna. Almennu voru börnin hvött til þátttöku í samræðum og vinnu. Í sögustund var bókin, höfundurinn og efni hennar kynnt fyrir börnunum áður en lestur hófst.

Börnin töluðu til hvers annars og fullorðinna með nafni, nefndu hlutina, höfðu frumkvæði að umræðu, hlustuðu, spurðu spurninga og gerðu athugasemdir við starfsmenn. Ræddu saman bæði um þau verkefni sem þau voru að vinna svo og aðra hluti.

Í vinnu starfsfólksins komu í ljós veikustu hlekkirnir þegar nokkur börn sem voru óvirk í samræðum voru látin afskiptalaus og starfsmenn reyndu lítið sem ekkert að draga þau inn í umræðuna.

En á heildina lítið fór fram mikil og skemmtileg samræða í leikskólanum, sérstaklega á eldri deildunum og stundir eins og matmálstímar og nónhressing voru vel nýttar af börnum og starfsmönnum (*fylgiskjal 11*).

**5.6** Vorið 2000 var aftur gerð athugun á málumhverfi leikskólans með sömu spurningalistum og í upphafi.



## 6. Starfsaðferðir, fræðsla

Í nokkur ár hafa verið þróaðar vinnuaðferðir í leikskólanum Klettaborg sem stuðla eiga að betri samskiptum barna og starfsmanna, og sömuleiðis er árlega unnið skipulagt fræðslustarf.

### Vinnuaðferðir starfsfólks í samskiptum við börn

#### 6.1. Áherslupættir

Vinnuaðferðin er sú að starfsmenn hafa í huga ákveðna aðferð í samskiptum við börnin tvær vikur í senn, alls er um að ræða fjórar áherslur (*fylgiskjal 12*). Fjórða áherslan var þáttur í aðferð þróunarverkefnisins sem felst í því að hvetja börnin á jákvæðan hátt og nota talað mál í samskiptum.

#### 6.2 Hvetja börnin til að hlusta hvert á annað

Dæmi: Barn virðist ekki heyra hvað annað barn er að segja við það, þá segir starfsmaður: „Jón heyrir þú hvað Siggi er að segja við þig?“ ef Jón segir nei, þá er Siggi beðinn um að endurtaka það sem hann sagði, svo Jón heyri.

#### 6.3 Áherslur á yngri deild

Áherslur á yngri deild eru þær að fullorðnir nota málið mikið við allar athafnir. Lögð er áhersla á að nota mælt fyrirmæli en ekki bendingar eða óyrtrar athafnir, setja orð á alla hluti og athafnir og reyna að fá barnið til að svara. Sem dæmi má nefna þegar barn er að klæða sig í útiföt þá er t.d. sagt: „Nú ert þú komin í úlpuna, hvað kemur þá næst“ og barnið hvatt til að svar með orðum t.d. „húfa eða vettlingar“.

### Fræðslustarf vetrarins fyrir börnin

Fræðslustarf fyrir börnin er skipt í þriggja vikna tímabil og á hverju tímabili er ákveðið viðfangsefni. Þau viðfangsefni sem komu beint inn í aðferð þróunarverkefnisins voru, vinna við að „búa til sögur“ þar sem börnin frumsemja og myndskreytta, einnig „þulur og vísur í leik“, en þar lærðu börnin þulur og unnu með þær í leikrænni tjáningu og myndlist (*fylgiskjöl 13 og 14*).

### Málörvun

Til viðbótar málörvun í daglegu starfi voru settir af stað þrjár málörvunarhópar frá 13. mars – 17. maí 2000. Þessir hópar voru fyrir þau börn sem athugun sýndi að þyrftu tímabundna örvun í máli. Hver hópur fór tvisvar í viku í æfingatíma þar sem áhersla var lögð á málskilning og máltjáningu (*fylgiskjal 15*). Foreldrum var kynnt þessi vinna skriflega. Sami leikskólakennarinn sá um þennan þátt allan tímann.

## 7. Mat

### Aðferðir við að meta verkefnið

- Spurningalistar sem lagðir voru fyrir í upphafi verkefnisins til að meta mál umhverfi leikskólans voru lagðir fyrir aftur í lok verkefnisins eða vorið 2000.
- Vettvangsathugun verkefnisstjóra í mars 1999.
- Málþroskaathugun sumarið 1999.
- Vettvangsathugun verkefnisstjóra í febrúar 2000.
- Viðtöl við fjóra starfsmenn sem voru þátttakendur í verkefninu frá upphafi.
- Viðtöl við tvö börn úr elsta árgangi.

### Niðurstöður úr matslistum

Eins og áður sagði komu fram gallar á matslistunum í upphafi en athugunin gaf þó hugmyndir um það sem betur mátti fara. Þegar gera átti matið í seinna skipti á málumhverfi leikskólans kom í ljós að fáir af þeim starfsmönnum sem voru með í upphafi voru enn starfandi. Af þeim ástæðum var samanburður á niðurstöðum erfiður.

Þó mátti sjá nokkur atriði sem breyst höfðu til batnaðar. Skipunarorð og skipunartónn í samskiptum við börnin virðist vera á undanhaldi og starfsfólk virðist vera meðvitaðra að ræða um sögur og þulur við börnin þ.e.a.s. ræða innihald þeirra og velta fyrir sér hvað orðin þýða.

Í samskiptum við foreldra virðist sem daglegar viðræður við þá hafi aukist og sömuleiðis sú aðferð að fá börnin til að taka þátt í að segja foreldrum sínum frá deginum. Starfsfólk virðist einnig hafa aukið töluð samskipti sín á meðal sem birtist m.a. í því að segja: „Verið þið sæl og takk fyrir daginn“ í stað þess að segja „bless“ eða „bæ“.

### Niðurstöður úr vettvangsathugunum

Starfsmannahópurinn sem þátt tók í vettvangsathuguninni var að hluta til sá sami í báðum tilfellum, en barnahópurinn breyttur að því leyti að elstu börnin frá árinu 1999 voru hætt en næstelstu börnin frá árinu 1999 orðin elst árið 2000.

Við samanburð á niðurstöðum úr vettvangsathugun í mars 1999 og febrúar 2000 kom í ljós að starfsmenn hafa aukið verulega samræður



við börnin á þessum tíma. Þeir notuðu almennt meira „opnar spurningar“ en áður og samræður meðal barna og fullorðinna meira á jafnréttisgrunni, meiri hvatning til barnanna um að tjá sig og dagleg samskipti betur nýtt til talaðra samskipta.

## Viðtal við fjóra starfsmenn

Fjórar spurningar voru lagðar fyrir starfsmennina:

Hvernig líkaði þér að vinna að verkefninu?

Hver finnst þér vera mikilvægasti árangurinn af þeirri vinnu?

Hvaða atriði í verkefninu vilt þú leggja mesta áherslu á að þróa áfram?

Hvaða þætti varðandi málumhverfi barnanna telur þú að þurfi að vinna betur með?

Þátttakendur voru:

Leikskólakennari á eldri deild, útskrifaður 1987, hefur unnið í Klettaborg frá 1990.

Leikskólakennari á yngri deild, útskrifaður 1996 og hefur unnið í Klettaborg frá þeim tíma.

Reyndur leiðbeinandi sem starfað hefur í leikskóla frá 1988, en í Klettaborg frá 1990.

Ungur leiðbeinandi sem starfað hefur í Klettaborg frá 1998.

Þetta voru einstaklingsviðtöl tekin á leikskólanum utan eins sem tekið var á skrifstofu verkefnisstjóra. Viðtölin voru tekin upp á hljóðsnældu. Í svörum við fyrstu spurningu kemur fram að starfsmönnum þótti skemmtilegt og fræðandi að vinna við verkefnið almennt en þó kemur fram að það er eins og þeir sakni einhvers áþreifanlegs.

**Leikskólakennari:** Mér fannst skemmtilegt að setja það saman, fá umræðurnar og fræðsluna, er búið að taka langan tíma og ekki mikið áþreifanlegt, verkefni sem maður sér ekki mikið af á blaði, en mjög skemmtilegt.

**Leiðbeinandi:** Mér fannst þetta gott og hef lært alveg heilmikið.

**Leikskólakennari:** Mér líkaði þetta verkefni vel, þetta var spennandi sérstaklega í byrjun, kannski meira en varð úr. Þetta byrjaði mjög skemmtilega, mikið um hugflæði og við virkilega lögðum okkar af mörkum. Svo varð vinnan svolítið erfið þarna í könnuninni það var svolítið flókið og þá eins og fjaraði það svolítið, mig vantar eins og botn í það.

**Leiðbeinandi:** Í sambandi við þetta verkefni, mér svona einhvern veginn finnst ég ekki hafa unnið með það, við höfum fengið fullt að fræðslu og mér finnst mjög

gaman að velta fyrir mér svona samskiptum við börn og ég er búin að læra ógurlega mikið.

Í svörum við spurningu tvö um árangur af verkefninu kemur fram að fræðslan skiptir miklu máli.

**Leikskólakennari:** Í fyrirlestrinum hennar Jóhönnu komu fram margir punktar sem gott er að nota, já fræðslan stóð uppúr.

**Leiðbeinandi:** Ég er sjálf búin að læra mikið af þessu en ég mundi vilja sko kannski frá meiri kennslu og geta miðlað meira sjálf mér finnst þetta mjög spennandi.

**Leiðbeinandi:** Lært hvað það er mikilvægt að örva mál barnanna mætti stundum gera ennþá meira af því, sumir á ég við.

Einnig kemur fram að niðurstöður úr könnun á málumhverfi leikskólans skiptu máli fyrir árangurinn.

**Leikskólakennari:** Svona eins og með athugunina, fór ekki vel af stað en það hnippti í fólk að fá þessa niðurstöðu. Þegar við fórum yfir þetta með opnu spurningarnar, að hvetja okkur til að spyrja opinna spurninga, það finnst mér hafa staðið uppúr og það skilar sér. Fólk tileinkar sér það. Mér finnst maður alltaf vera að hamra á þessu og ef maður gleymir sér þá fattar maður strax.

*Spurning: Ert þú ánægð með þennan árangur? Já mjög svo.*

Reynslan er líka góður kennari.

**Leikskólakennari:** Ég hef lært að það er afar flókið að búa til málþroskamát.

Þegar kemur að því að meta árangurinn virðist ekki augljóst hjá öllum hver hann er.

**Leikskólakennari:** Ég er núna sko með elstu börnin í heimspekinni, það er nemi hjá mér og henni finnst alveg meiriháttar hvað þau eru klár að svara, maður sér þetta svona þegar maður fær ábendingu frá nemum.

**Leikskólakennari:** Ég var eiginlega búin að gleyma þessu verkefni og hafði ekki hugað að árangrinum en svo fékk ég nema hingað og hún sagði við mig allt í einu í gær. “það er svo skemmtilegt að heyra hvað þið leggið mikið uppúr því að láta börnin tala um hlutina, nota orðin og tjá sig” og spurði hvort við hefðum verið að vinna eitthvað sérstaklega með þetta, “eitthvað sem þið hafið verið að byggja upp?” Og ég sagði ha, nei, jú auðvitað þetta er auðvitað verkefnið sem við erum búin að vara að vinna að og þetta er auðvitað árangur af því.

Hjá öðrum virðist árangurinn liggja meira í augum uppi

**Leiðbeinandi:** Krakkarnir hafa góðan orðaforða, eru mjög ákveðin og þau vilja líka gera sjálf sögur og hafa mikið að segja.

**Leiðbeinandi:** Maður er búinn að læra svo mikið og maður hættir ekki að nota það, áður var ég ekki með opnar spurningar en nú er ég búin að læra svo mikið og ég á alltaf eftir að nota þetta þó ég fari í annan leikskóla eða eitthvað. Ég er komin með grunninn en manni finnst maður alltaf þurfa meira og meira, en það er samt þannig að maður er alltaf að vinna með þetta.

**Leikskólakennari:** Ég held að þessi vinna hafi skilað ýmsu, það er lögð áhersla á að börnin svari þegar talað er við þau og þeim gefin tækifæri til þess. Ég held að við séum alveg nokkuð vel staddar hvað það varðar að þau fái þetta, en það þarf að halda þessu við til að það týnist ekki t.d. mikilvægi máltökunnar.

**Leiðbeinandi:** Ég held að nýtt fólk sem byrjar hlusti á okkur og við vera voða duglegar. Maður fer inn á aðra leikskóla og heyri orð sem ég nota ekki sjálf, líka tóninn í röddinni.

Við spurningunni um hvaða atriði í verkefninu viðmælendur vildu leggja áherslu á að þróa áfram kemur fram að þeim finnst mikilvægt að talað sé mikið við börnin í daglegu starfi, nota opnar spurningar og hvetja börnin til að svara.

**Leikskólakennari:** Leggja áherslu á í daglegu starfi að tala við börnin, fá þau til að tjá sig, segja hvað kemur næst og svo framvegis, maður þarf að halda þessu við og eins með opnu spurningarnar. Mér fannst opnu spurningarnar standa uppúr og vildi að þær yrðu sko alveg virtar og reglulega tekin umræða um það til að virkja þær og að hvetja börnin til að svara, maður heyrir þegar börnin eru búin að tileinka sér þessa aðferð að það er starfsfólk sem gleymir sér.

Viðmælendum finnst heimspekiaðferðin áhugaverð og leggja áherslu á að þróa hana áfram

**Leiðbeinandi:** Þetta með heimspekina, við fórum þrjár inn í tíma hjá Sigurði og svo vorum við eina helgi með honum, þetta er sko rétt að byrja, við vorum í síðustu viku að klára söguna um Bangsímón og nú á ég bara eftir að spreyta mig hvað ég get, mér finnst gaman að nota svona hv- spurningar.

**Spurning:** Heldur þú að hægt sé að nota þessa aðferð fyrir yngri aldurshópana?

**Svar:** Já ég held það, ég held að börn séu bara misjöfn, þetta eru svona bara allskonar spurningar sem fær þau bara til að hugsa.

**Leiðbeinandi:** Hef bara kynnst heimspekinni sem áhorfandi og ekki lesið Bangsímón, finnst að það sé spennandi vinna.

Einnig að hafa það fyrir reglu að gera árlega málþroskapróf í tveim ádurshópum eins og gert var í verkefninu.

**Leikskólakennari:** Ég held að það sé hægt að nota betur niðurstöðurnar úr málþroskaprófinu fyrir yngri börnin.

Einnig kemur fram að frekar erfitt er að útskýra verkefnið fyrir nýju starfsfólki.

**Leikskólakennari:** Þetta er mjög huglægt og erfitt að skýra það fyrir öðrum og mér finnst þeir sem hafa komið inn eftir að þetta verkefni byrjaði hafi ekki alveg tekið þátt.

**Spurning:** Þú ert að segja að verkefnið eða tilgangurinn með verkefninu sé ekki nægilega ljós eða útskýranlegur?

**Svar:** Já, og þegar ég segi að nýir starfsmenn hafi ekki tileinkað sér vinnuna, þá hafa þeir ekki verið með í fræðslunni, verkefnið er frekar aðferð.

Við spurningunni um hvaða þætti varðandi málumhverfi barnanna þurfi að vinna betur með svara viðmælendur að nauðsynlegt sé að halda áfram að auðga málumhverfi barnanna.

**Leikskólakennari:** Auðga málumhverfið, nota talið og leggja áherslu á að starfsmenn noti orð frekar en orðlausar athafnir við alla umönnun, það sem við höfum unnið með í vetur.

**Leiðbeinandi:** Maður er kannski ekki nógu duglegur að setja orð á hluti, ég veit ekki, ekki alveg. Mætti skoða það.

**Leiðbeinandi:** Ég held að fylgjast með hvernig við tölum við þau og gera betur þar, breyta málvari sínu t.d. nota ekki svona mikið enskuslettur, það er komið svo mikið af þeim.

Viðmælendur nefndu einnig heimspekiaðferðina.

**Leikskólakennari:** Heimspekina, mér finnst alveg nauðsynlegt að þjálfra alla í að tjá sig.

**Leikskólakennari:** Mér finnst heimspekin skemmtilegur endir á þessu verkefni, þá er komið eitthvað nýtt, ný aðferð kannski.

Einnig nefndu viðmælendur málþroskaprófin.

**Leiðbeinandi:** Nota málþroskaprófin, mér finnst nauðsynlegt að vera vakandi yfir hvernig málþroski barnanna er og grípa inni ef þarf.

**Leikskólakennari:** Ég held að það þurfi að vinna vel með niðurstöður úr málþroskaprófum, það var kannski ekki unnið nógu vel með þær niðurstöður. Við höfum lagt mikla áherslu á elstu börnin, við þurfum auðvita að leggja áherslu á þau yngri og taka þessi próf á þeim eins og um var talað. Inga Birna var með málörvunarmöppur sem hægt er að grípa til í samverustund til að örva málið hjá börnunum og það þarf að koma öllum inn í þessa aðferð og byrja fyrr á yngri krökkunum upp á mál og málörvun.

Leiðbeinandi nefndi mikilvægi þess að fá börnin til að tjá sig á mismunandi hátt.

**Leiðbeinandi:** Vil leggja áherslu á að börnin geri sögur sjálf, teikni myndir og búi til sögur. Það eykur þeim sjálfstæði ef þau fá að tjá sig sjálf.

## Viðtal við tvö börn

Viðtalið var tekið af verkefnisstjóra í leikskólanum og voru bæði börnin í viðtali samtímis. Viðtalið var tekið upp á hljóðsnældu. Verkefnisstjóri kynnti fyrir börnunum að hann langaði að vita hvernig það væri að vera barn í Klettaborg og þess vegna langaði hann að tala við þau því enginn gæti svarað því betur. Ekki þýðir að spyrja leikskólastjórann, hún veit ekki hvernig það er að vera barn. Börnin brostu að þeirri hugmynd og sögðu að auðvitað vissi hún ekkert um það, „hún bara ræður“ sögðu þau.

Börnin voru beðin að segja frá hvað þau gera í leikskólanum og ekki stóð á svarinu:

Gaman, fyrst förum við og veljum og svo förum við í samverustund og svo förum við í vinnustund stundum og svo út að leika og svo förum við að borða og svo förum við í hvíld og svo förum við aftur út eftir hádegi og þá kemur kannski einhver að sækja mann. Þeir sem eru til fimm fara í kaffitíma og svo fer maður aftur í vinnustund og svo fer maður heim.

Þegar þau voru spurð hvað væri skemmtilegast svöruðu þau:

Skemmtilegast að velja og lang skemmtilegast að vera í Glym, við leikum með púða og höngum í köðlum og stundum með sippubönd, við erum ekki að rífast, stundum sturtum við öllum púðunum, þá fara allir í kaf. Svo er svona klifurgrind.

Þegar þau voru spurð um hvað þau gerðu í vinnustund var svarið:

Maður getur málað og maður getur klippað, stundum förum við í ljónahóp og stundum er farið í ferð og stundum erum við að búa eitthvað til. Núna erum við að búa til Grafarvog.

Þegar þau voru spurð hvað þau gerðu í samverustund sögðu þau:

Við syngjum og hlustum á sögu og stundum leikum við leikrit, þá gera fósturnar leikrit og stundum skoðum við bók.

**Spurning:** Búið þið til sögur sjálf?

**Svar:** Nei við megum ekki gera það af því þá þyrfti að prenta allar sögurnar. Nei það er svo erfitt og tekur svo langan tíma. Ég hef gert sögu um Dúmbó og þá skrifaði ég hana niður og þá var ég svo lengi.

Að lokum voru börnin spurð hvort þau vildu breyta einhverju í leikskólanum:

**Börnin:** Láta engan meiða, ekki hlaupa á ganginum og ekki grípa frammi. Hafa hann bara svona, bara fara mikið í snú-snú og gaman að sulla í drullupollum, róla og fara í kastalann.



## 8. Almennar niðurstöður

Megin markmið þessa verkefnis var að gera málfarslegt umhverfi barnanna í leikskólanum betra, með áherslu á máltjáningu og málskilning. Áherslan var í fyrsta lagi að skoða og meta það málumhverfi sem fyrir var í leikskólanum og bæta það sem ekki reyndist nógu gott. Með málfarslegu umhverfi barnanna er átt við hvernig, hversu mikið og hvaða mál starfsmenn nota í daglegu starfi við börnin, foreldra og hver við annan.

Einnig var ætlunin að meta málskilning vissra aldurshópa til að geta betur örvað þau börn sem ekki reyndust hafa góðan málskilning eða máltjáningu. Leiðin að þessum markmiðum lá í gegn um fræðslu fagmanna á sviði máltöku, málörvunar, íslensku og heimspeki, vinnuaðferða starfsfólksins og sérstaka áherslupætti í töluðum samskiptum.

Til að fylgjast með þróun verkefnisins voru gerðar athuganir á málumhverfi leikskólans og vettvangsathuganir. Á grundvelli þeirra var reynt að leggja áherslu á að bæta þá þætti sem illa komu út, t.d. „opnar spurningar“ og samræður við börnin s.s. við matarborð eða í fataklefa. Sú tilraun að meta málfarslegt umhverfi leikskólans og bera saman niðurstöður til að sjá hvort jákvæð þróun hefði átt sér stað tókst ekki sem skildi og er aðal ástæðan sú hin tíðu mannskipti í leikskólanum. Þann lærdóm sem draga má af þessari tilraun er að matstækið sem notað var (*þarf að endurskoða með tilliti til ágalla*) getur reyndist gagnlegt til að meta málfarslegt umhverfi í leikskólanum hverju sinni og til að fylgjast með þróun hvað varðar málnotkun starfsmanna.

Við athugun á niðurstöðum sem fram koma í matslistum, vettvangsathugunum, viðræðum við starfsmenn og börnin má ljóst vera að verkefnið skilur eftir aukinn skilning á mikilvægi þess að nota málið í öllum samskiptum barna og fullorðinna.

Skilningur á nauðsyn þess að nota fjölbreyttan orðaforða og nota aðferðir sem hvetja börnin til að tjá sig og spyrja hefur aukist, og áhersla á töluð samskipti í leikskólanum almennt orðið meiri.

Árangurinn er sá að samræða hefur aukist til muna í Klettaborg bæði hjá börnum og starfsfólki, börnin eru órög við að segja sína skoðun og fá mikla hvatningu til þess frá starfsfólki. Starfsmenn eru sér meðvitaðir um mikilvægi þess að nota „opnar spurningar“ í samskiptum við börnin og hafa tileinkað

sér þá aðferð. Sérstaklega á þetta við um þá starfsmenn sem hafa tekið þátt í verkefninu frá upphafi. Starfsmenn eru jafnframt meðvitaðir um að nota málið í leik og daglegu starfi og leggja áherslu á að tala um hluti og atburði við börnin, og á þetta sérstaklega við um vinnuna með yngstu börnunum.

Í viðtölum við starfsmenn kemur fram hversu mikilvægt er að efla börnin í að tjá sig, spyrja og rökræða. Þeir líta einnig svo á að nauðsynlegt sé að meta málþroska barna snemma svo hægt sé að grípa inni ef þörf krefur.

Börnin sem rætt var við áttu auðvelt með að tjá sig og segja sína skoðun. Þau tjáðu áhuga sinn á að semja eigin sögur og leikrit en fengu að eigin sögn ekki nægilega mörg tækifæri til þess. Í viðtali við einn starfsmanninn kom fram að hann vildi gjarnan leggja meiri áherslu á þennan þátt í starfseminni. Þetta er þó einn þáttur í fræðslustarfi leikskólans og má því spyrja sig hvort börnin vilja fá fleiri tækifæri til að búa til sögur og leikrit. Hugsanlegt er að þau vilji oftast „grípa tækifærið“ í leik og daglegu starfi til að spinna sögur og leikrit.

Einnig kom fram hjá börnunum að það sem þeim fannst skemmtilegast var að leika sér úti í garði og inni í leikfimisalnum. Þessi athugasemd minnir fyrst og fremst á mikilvægi leiksins fyrir börnin sem er eins og segir í aðalnámskrá leikskóla, „leið barnsins til náms og þroska“.

Þrátt fyrir þetta virðist eins og starfsfólk sé ekki almennt meðvitað um árangurinn fyrr en utanaðkomandi fólk \* tekur eftir og hefur orð á hversu málið er mikið notað í leikskólanum. Ástæðuna fyrir þessu má að öllum líkindum finna í verkefninu sjálfu, eins og fram kom í viðtali við starfsmenn er það lítið ápreifanlegt, „það er aðferð“ sagði einn viðmælandi.

Ef horfið er aftur til upphafsins og tilgangsins með verkefninu þá var hann einmitt sá að til yrði aðferð „sem festist í veggjum“ leikskólans til frambúðar. Í verkefni eins og þessu eru því utanaðkomandi einstaklingar oft besti mælikvarði á árangur, að minnsta kosti virðist sú vera raunin með nemana sem störfuðu í Klettaborg skólaárið 1999 - 2000. Þeir tóku eftir hversu mikið málið var notað í samskiptum við börnin þótt starfsmenn væru sér ekki meðvitaðir um það.

Þróunarverkefnið hafði skilað þeim árangri að fræðsla og þjálfun starfsmanna var orðin þeim ómeðvituð aðferð í starfinu.

---

\* Í þessu tilfelli var um að ræða nema í KHÍ-leikskólaskor sem voru í starfsnámi á elstu og yngstu deild í Klettaborg



## 9. Formlegu þróunarverkefni er lokið, en hvað svo?

Þróunarverkefni eiga í raun ekki að enda, þau eiga bara að byrja og halda svo áfram. Verkefnið í Klettaborg er einmitt svona verkefni sem engan enda hefur, tilgangur þess er að „festast í veggjunum.“ Þetta er aðferð eins og áður sagði. Sú reynsla og þekking sem fengist hefur á þessum tveim árum hverfur ekki úr leikskólanum.

Vandinn í Klettaborg eins og víðar eru tíð starfsmannaskipti sem vissulega settu mark sitt á vinnuna í þessu þróunarverkefni.

Slíkar breytingar geta að vissu marki gert alla vinnu við að þróa áfram þær aðferðir sem teknar hafa verið upp erfiðari og tímafrekari.

Vinna með aðferðir heimspekinnar er rétt að byrja með elstu börnunum þá aðferð á eftir að þróa og breiða um allan leikskólann. Haldið verður áfram þeirri stefnu leikskólans að bæta starfsaðferðir starfsfólksins á sama hátt og verið hefur. Til að útbreiða hugsun og þankagang þróunarverkefnisins er nauðsynlegt að nýtt starfsfólk verði sem fyrst virkir þátttakendur og nái að tileinka sér vinnuaðferð leikskólans.

Í skipulögðu fræðslustarfi þarf áfram að leggja áherslu á að auka og auðga mál og málfar barnanna. Árlegt mat á málþroska næst elstu barnanna er sömuleiðis mikilvægt til að geta gripið snemma inní ef með þarf með skipulagðri málörvum. Einnig þarf að leggja áherslu á að auka færni elstu barnanna í hlustun og máltjáningu áður en þau útskrifast úr leikskólanum og hefja grunnskólagöngu.

Í mati á innra starfi leikskólans þarf að halda áfram að fylgjast með hvaða málumhverfi leikskólinn býður börnunum og skipuleggja fræðslu starfsmanna m.a. út frá þeim niðurstöðum.

Síðast en ekki síst er mikilvægt að leita eftir viðhorfum barnanna sjálfra um hvað vekur mestan áhuga þeirra í þeim tilgangi að ná sem best til þeirra með þá fræðslu og þjálfun sem leikskólinn vill leggja áherslu á.

Í leikskólanum Klettaborg er nú þegar hafin vinna við gerð málörvunarverkefna sem nýtast eiga öllum deildum leikskólans. Leiðbeinandi þessa verkefnisins er Inga Birna Sigfúsdóttir sérkennsluráðgjafi í Miðgarði í Grafarvogi.

## Lokaorð

Að hafa vald á tungumáli sínu er forsenda þess að ná tökum á tilverunni sagði Heimir Pálson á fræðslufundi í Klettaborg eitt óveðurskvöld veturinn 1999.

Á leikskólaaldri safna börn miklum orðaforða sem þau nýta seinna á ævinni og þess vegna er nauðsynlegt að þau alist upp við sem fjölbreyttustu málnotkun. Að geta tjáð sig örugglega er mikilvægt fyrir hvern einstakling eða eins og Heimir sagði „sá sem getur tjáð sig á fjölbreyttan og öruggan hátt hefur meiri völd í samskiptum en sá sem hefur lakari máltjáningu“.

Eitt af hlutverkum leikskóla er að jafna stöðu barna og leyfa hverjum og einum að njóta sín á eigin forsendum og því skal öll vinna í leikskóla miða að því að gefa sérhverjum einstaklingi tækifæri til að nýta hæfileika sína og getu eins vel og kostur er.

Vinnan í þróunarverkefninu, *Leggjum orð í belg „seg mér að sunnan, ég er nýkomin að norðan“*, hefur styrkt þá skoðun starfsmanna, að færni í tungumálinu sé mikilvæg fyrir heill og hamingju sérhvers manns og þess vegna mun sú aðferð sem til varð í þróunarverkefninu verða áhersluatriði í starfi leikskólans Klettaborgar í komandi framtíð.



## Fylgiskjal 1

### **Jóhanna Einarsdóttir talmeinafræðingur**

#### **Nokkur almenn atriði málörvunar**

1. Berið virðingu fyrir barninu og tilraun þess til samskipta. Tjáning barnsins getur verið á mismunandi hátt með orðum og án orða.
2. Hlustið á það sem barnið er að segja en ekki hvernig það segir það.
3. Endurtakið setningar barnsins í leiðréttri mynd.
4. Endurtakið setningar barnsins og lengið þær.
5. Nefnið það sem barnið sér og snertir. Hugsun forskólabarna er bundin við það sem er að gerast hér og nú.
6. Setjið orð á eigin athafnir. Orðið einnig athafnir barnsins.
7. Hugið að eigin málfari, talhraða og lengd setninga.
8. Varist að spyrja barnið of mikið. Reynið að halda samtali gangandi án þess að spyrja mikið.
9. Nýtið sem flestar stundir dagsins til málörvunar.
10. Endurtakið oft þau hugtök sem barnið er að læra.
11. Talið mál sem er aðeins flóknara en það mál sem barnið talar.
12. Lesið sögur.
13. Kennið barninu að ríma og farið með þulur.
14. Orðaleikir.
15. Hjóðgreining og hlustun.
16. Fjölbreytt málörvun.

**Málnotkun í samskiptum: starfsfólk við börn**

<b>Þættir sem eru athugaðir</b>	<b>Alltaf</b>	<b>Oft</b>	<b>Sjaldan</b>	<b>Aldrei</b>
<b>Almennt:</b>				
Nota ég opnar spurningar (H-spurning)				
Hlusta ég með áhuga á það sem barnið segir				
Nota ég nöfn barnanna í samskiptum við þau				
Nota ég spurnarsetningu (má bjóða þér?)				
Nota ég skipunarorð (sittu..., farðu..., gerðu...)				
Nota ég skipunartón í setningum				
<b>Lestur - að segja sögur:</b>				
Nota ég lesefni frá mismunandi tímum				
Kynni ég bókina fyrir lestur (efni, höfund, heiti)				
Ræði ég um efni bókarinnar jafnóðum				
Ræði ég um efni bókarinnar að lestri loknum				
Velti ég upp hvað orðin þýða				
<b>Þulur og ljóð (söngur):</b>				
Nota ég þulur og ljóð frá mismunandi tímum				
Kynni ég innihaldið fyrir börnunum				
Ræði ég um innihaldið við börnin				
Velti ég upp hvað orðin þýða				
<b>Matmálstími:</b>				
Tala ég um heiti á matvælum				
Tala ég um heiti á áhöldunum				
Nota ég takk fyrir				
Nota ég gjörðu svo vel				
Nota ég verði þér að góðu				
Byggi ég upp samræður við matarborðið				
Hvet ég börnin til þess að byðja um að rétta sér				
<b>Fataherbergi:</b>				
Nota ég nöfnin á flíkunum (stígvél, úlpa, húfa) þegar þau klæða sig				
Nota ég litina á flíkunum þegar þau klæða sig				
Nota ég skipun við barnið um hvað er næst (farðu nú í peysu)				
Nota ég spurnar setningu um hvað er næst (hvað heldur þú að komi..)				
<b>Útivera:</b>				
Nota ég liti og heiti þegar ég rétti barni (vilt þú fá grænu skófluna)				
Nota ég fjölbreytt orðalag um veðrið				
<b>Annað:</b>				
Nota ég heiti á litunum ("vilt þú gula litinn", eða "vilt þú þennan lit")				
Tengi ég orð við athöfn (nú ert þú að taka saman, pússla, kubba)				
Fylli ég út setningu hjá barni (barn:"mjólk", ég:"viltu fá mjólk í glas")				

Fylgiskjal 3

Málnotkun í samskiptum: starfsfólk við börn

Þættir sem eru athugaðir	Tími 15 mín. hámark	Alltaf	Oft	Sjaldan	Aldrei
<b>Almennt:</b>					
Eru notaðar opnar spurningar (H-spurning)					
Er hlustað með áhuga á það sem barnið segir					
Eru notuð nöfn barnanna í samskiptum við þau					
Eru notaðar spurnarsetningar (má bjóða þér?)					
Eru notuð skipunarorð (sittu..., farðu..., gerðu...)					
Er notaður skipunartón í setningum					
<b>Lestur - að segja sögur:</b>					
Er notað lesefni frá mismunandi tímum					
Er bókin kynnt fyrir lestur (efni, höfund, heiti)					
Er rætt um efni bókarinnar jafnóðum					
Er rætt um efni bókarinnar að lestri loknum					
Er velt upp hvað orðin þýða					
<b>Þulur og ljóð (söngur):</b>					
Eru notaðar þulur og ljóð frá mismunandi tímum					
Er innihaldið kynnt fyrir börnunum					
Er rætt um innihaldið við börnin					
Er velt upp hvað orðin þýða					
<b>Matmálstími:</b>					
Er talað um heiti á matvælum					
Er talað um heiti á áhöldunum					
Er notað takk fyrir					
Er notað gjörðu svo vel					
Er notað verði þér að góðu					
Eru samræður við matarborðið					
Eru börnin hvött til þess að byðja um að rétta sér					
<b>Fataherbergi:</b>					
Eru notuð nöfnin á flíkunum (stígvél, úlpa, húfa) þegar þau klæða sig					
Eru notuð litaheiti flíkunum þegar þau klæða sig					
Er notuð skipun við barnið um hvað er næst (farðu nú í peysu)					
Er notuð spurnar setning um hvað er næst (hvað heldur þú að komi..)					
<b>Annað:</b>					
Er notað heiti á litunum ("vilt þú gula litinn", eða "vilt þú þennan lit")					
Eru tengd orð við athöfn (nú ert þú að taka saman, pússla, kubba)					
Eru fylltar út setningar hjá barni (barn:"mjólk", ég:"viltu fá mjólk í glas")					

Fylgiskjal 4

**Málnotkun í samskiptum: starfsfólk við starfsfólk**

Þættir sem eru athugaðir	Alltaf	Oft	Sjaldan	Aldrei
<b>Heilsa - kveðja:</b>				
Heilsar þú starfsfólki með nafni í upphafi dags				
Heilsa aðrir starfsmenn þér, með nafni í upphafi dags				
Heilsar þú öllu starfsfólki sem þú hittir				
Heilsar þú starfsfólkinu á deildinni				
Heilsar þú með, góðan dag / komdu sæl				
Heilsar þú með, halló				
Heilsar þú með, hæ				
Kveður þú alla starfsmenn þegar þú ferð				
Kveður þú starfsmenn deildarinnar þegar þú ferð				
Kveður þú með, verið þið sæl / takk fyrir daginn				
Kveður þú með, bless, bless				
Kveður þú með bæ, bæ				
Kveðja aðrir starfsmenn þig, þegar þeir fara í lok síns dags				
<b>Yfir daginn:</b>				
Notar þú spurnar setningu (vilt þú gjöra svo vel)				
Nota aðrir spurnar setningu við þig				
Notar þú skipunarsetningu (náðu í...)				
Nota aðrir skipunarsetningu við þig				
Notar þú nafn starfsmanns þegar þú ávarpar hann				
Nota aðrir nafnið þitt þegar þú er ávörpuð/ávarpaður				
Notar þú neikvæð orð fyrir framan barn/börn				
Nota aðrir neikvæð orð þegar þeir tala við þig fyrir framan barn/börn				
Notar þú slanguryrði við annað starfsfólk				
Nota aðrir slanguryrði við þig				
<b>Veldu þrjá þætti af eftirfarandi sem eru mest ríkjandi</b>				
Eru samtöl þín við aðra starfsmenn um verkefni barnsins				
Eru samtöl.....um barnið sjálft (hvernig það er)				
Eru samtöl.....um ráðstöfun/skipulag á starfinu				
Eru samtöl.....um einkalíf þitt/annarra				
Eru samtöl.....um persónulegar ráðstafanir (ég þarf að)				
<b>Annað:</b>				
Notar þú gleðitón í samskiptum við annað starfsfólk				
Nota aðrir gleðitón í samskiptum við þig				
Hef ég frumkvæði í samskiptum við aðra starfsmenn				

Fylgiskjal 5

**Deildarfundir mars 1999**

**Innlegg á alla deildarfundum í mars 1999 í tengslum við verkefnið “Leggjum orð í belg”.**

**Opnar spurningar – hvernig eru þær og hvað gera þær**

- Opín spurning kallar á samræður
- Opín spurning vekur upp lengri frásagnir
- Opín spurning viðheldur gagnkvæmum samskiptum
- Opín spurning verður til þess að umræður skapast

❖ **Opín spurning byrjar oftast á**

- ❖ Hvernig gerðist það....
- ❖ Hvað fannst þér....
- ❖ Hvernig hefði þetta getað verið...
- ❖ Hvað gætir þú gert núna...
- ❖ Hvað hefðir þú getað gert
- ❖ Hvers vegna ætli þetta...

❖ **Opín spurning verður að vera með spurnartón í röddinni – skapa vangaveltur hjá þeim sem fær hana.**

**Dæmi til umræðu á fundinum**

**Barn** er í Lundi ásamt fleiri börnum. Það er verið að fara út. Barnið á að vera að klæða sig. Það flögrar um allan Lund með fötin sín á gólfinu eða fanginu. Það truflar önnur börn.

**Hvernig** er hægt að nota opnar spurningar til þess að halda barninu við það að klæða sig?

Ath. þetta snýst ekki um það að barnið vilji ekki fara út heldur að það er ekki með hugann við sitt verkefni.

**Barn** kemur til starfsmanns og segir “ég fór að sjá Pöddulíf í gær”, starfsmaður segir “já, ég er líka búin að sjá hana”.

**Hvernig** er hægt að nota opnar spurningar til þess að viðhalda samræðum útfrá barninu, án þess að blanda sjálfum sér inni (stela frásögninni)?

**Starfsmaður** kemur inn á deild og segir góðan daginn og sest við borð þar sem að þrjú börn eru að teikna.

Eitt barnið fer að segja starfamanninum frá því að það farið á skauta með foreldrum sínum og það hafi verið ofsalega gaman. Starfsmaður hlustar og bendir barninu svo á að halda áfram að teikna.

**Hvernig** hefði starfsmaðurinn átt að bregðast öðruvísi við og nota opna spurningu?



## Fylgiskjal 6

Mars 1998, athugun á málnotkun starfsfólks við mismunandi aðstæður

### Arnarklettur kl. 9.45 Samverustund (söngur) hjá X (13 börn)

Lýsing: samverustundin hófst á umræðu um hverja vantaði og af hverju. Börnin nefndu með nafni þá sem vantaði og hvort þau væru veik eða í frí. Eftir fyrsta lagið sem börnin sungu var rætt um veðrið og hvernig rétt sé að klæða sig í slíku veðri í framhaldi af því var sungið vetrarlag, í framhaldi af því rætt um fuglana og þar á eftir sungið um fuglana. X reyndi ekki að stýra umræðunni inn á ákveðin svið en börnin héldu sig að mestu við umræðu um veturinn. X fylgdist með að allir sem vildu fengju að tjá sig og tókst það utan eitt skipti.

**Mat:** börnin virtust örugg með að tjá sig og fengu ágætan tíma til þess, þau mættu þó fá betri æfingu í að hlusta á hvert annað og “ræða” meira saman. X hafði gott vald á að aðstæðum og leyfði börnunum að ráða ferðinni hvað varðar umræðuefni og bætti inn í setningar eða endurtók til að leggja áherslu á orð eða setningar. X notaði vel opnar spurningar. Það sem X þarf að huga að sjálf er að hlusta ögn betur hún á það til að vera of fljót að taka undir eða spyrja.

### Hrafnaklettur vinnustund (þulur) hjá Z (4 stelpur)

Lýsing: byrjaði á að skoða hverja vantaði og síðan kynntu allar sig með fullu nafni. Fyrsta þula var “Krumminn á skjánum” til að tengja skoðuðu þær hverjir væru í svörtum fötum því Krummi er svartur, hvað er skjár? það er gluggi. Önnur er þulan um fingurna, fyrst rifjað upp og svo lesið Þriðja þula var “Græn eru lafinn” og hér var notuð loðtafla, um leið og mynd var sett á töfluna var skoðað hver væri í grænu, rauðu, gulu o.s.frv. Stelpurnar lituðu síðan og klipptu grænt, rautt, gult o.s.frv og síðan var aftur farið yfir þuluna en nú voru það myndir barnanna sem Z notaði. Á eftir spiluðu börnin Bingó

Mat: Z notaði alltaf nöfnin á stelpunum, hlutunum sem þau voru að nota. Z nýtti stundina mjög vel með því að endurtaka og rifja upp það sem þær

höfðu verið að gera eða tala um. Hún talaði hvetjandi til þeirra og stelpurnar voru þátttakendur allan tímann. Í Bingó-spilinu sagði Z alltaf nöfnin á því sem var á myndunum og stelpurnar endurtóku.

Z hafði gott vald á atburðarásinni og notaði málið mikið og vel sjálf, spurði opið og spjallaði um hlutina og þar sem þetta voru ung börn var það mikilvægt.

Fylgiskjal 7

**Drengir**

	Mælitölur (meðaltal 50, % börn lakari)						Málþáttur (meðaltal 100)
	Hlustun	%	Tal	%	Nám	%	Mælital a
A	52	57	44	27	53	63	99
B	55	70	56	73	71	98	123
D	41	18	52	57	53	63	96
E	54	65	50	50	60	84	110
F	53	63	53	63	65	94	115
G	44	27	48	43	46	35	98
H	48	43	52	57	48	43	98
I	54	65	51	53	50	50	104
J	39	12	41	18	42	20	74

**Stúlkur**

	Mælitölur (meðaltal 50, % börn lakari)						Málþáttur (meðaltal 100)
	Hlustun	%	Tal	%	Nám	%	Mælital a
A	51	53	51	53	54	65	105
B	57	75	49	47	59	82	113
D	56	73	55	70	73	98	129
E	49	47	52	57	53	63	104
F	55	70	54	65	50	50	108
G	56	73	56	73	56	73	115
H	55	70	52	57	49	47	105

Normal bil 40-60

Normal bil  
85-115

Foreldrar 19 barna voru beðnir að taka þátt í prófinu.

Foreldrar 16 barna tóku þátt í prófinu.

*Leggjum orð í belg*

Málþroskaprófið Orðaskil, fyrir börn á aldursbilinu 2.6-3.0 ára

**Drengir**

Hundraðshlutamarkið sýnir röð barnsins í normaldreifingu

	<b>Orðaforði</b>	<b>Setningagerð</b>
A	99%	90%
B	25%**	8%**
D	25%**	4%**
E	0%*	5%*
F	35%	90%

\* Þetta barn var hjá erlendri dagmóður í eitt ár.

\*\* Tvíburar

**Stúlkur**

Hundraðshlutamarkið sýnir röð barnsins í normaldreifingu

	<b>Orðaforði</b>	<b>Setningagerð</b>
A	25%	70%
B	65%	25%

Foreldrar 8 barna voru beðnir um að taka þátt í prófinu.

Foreldrar 7 barna tóku þátt í prófinu, þar af voru þrjú þeirra ekki byrjuð í leikskólanum.

## Fylgiskjal 8

### Sigurður Björnsson Verkefni úr bókinni Bangsímon

Sigurður tók að sér að útbúa samræðuleiðbeiningar úr 1. kafla bókarinnar um Bangsímon og horfa sérstaklega á siðfræðiþáttinn.

Í upphafi er hann með hugleiðingar fyrir kennarann um heimspekilega þáttinn til þess að geta undirbúið sig fyrir samræðuna með börnunum.

#### Dæmi:

Úr kafla 1 bls 9

Bangsímon var á gangi og heyrði suð í býflugunni og veit að þær búa til hunang. Hann ætlar að taka hunangið og klifrar upp í tré og söng litla vísu á meðan.

“Litlar flugur loftið blátt

léttum vængjum blaka.

Ég skal klifra himinhátt

og hunang frá þeim taka”

Leiðbeiningar frá Sigurði:

“Í vísunni segist Bangsímon ætla taka hunangið af litlu flugunum. Þetta vekur spurningar um eignarrétt. Hvaða rétt hefur Bangsímon til þess að taka hunangið sem flugurnar hafa búið til. Hann heldur því fram að einasti tilgangur býflugunnar sé að búa til hunang sem hann getur borðað. Þær viðast ekki ver sammála því þær vernda hunangið sitt af miklu harðfylgi. Hverjar eru forsendur eignarréttar? Er það náttúrulegur réttur eða mannasetningar? eru það hugsandi verur eins og Bangsímon sem setja leikreglurnar eftir eigin þörfum eða felur náttúran í sér einhver lög málm um réttmæti eignarréttar. Hvaða tilgangi þjónar eignarréttur? Hvað felur eignarréttur í sér og í hvaða tilvikum geta þarfir verið eignarrétti yfirsterkari?”

#### Æfing 14 Að eiga

- *Hver á hunangið? Má taka það?*
- *Á ég allt sem ég bý til sjálfur?*
- *Á ég allt sem ég kaupir sjálfur?*
- *Er eitthvað til sem allir eiga?*
- *Er eitthvað til sem allir eiga að fá að eiga?*
- *Er hægt að eiga of mikið?*
- *Er í lagi að taka af þeim sem eiga of mikið?*
- *Má eitthvert tíma taka það sem aðrir eiga?*
- *Eiga allir sjálfan sig?*
- *Ef ég fer ekki vel með það sem ég á, má þá taka að af mér?*

#### Dæmi:

Úr kafla 1 bls. 16

Bangsímon biður Jakob um að sækja regnhlíf, því hann var með hugmynd sem dygði til þess að ná í hunag frá býflugunum.

## Fylgiskjal 8

### Leiðbeiningar frá Sigurði:

“Jakob segir ekki Bangsímon hvað honum finnst um hugmyndina um regnhlífina vegna þess að honum þykir svo vænt um hann. Hann hlífir honum sem sé við álitinu sínu og telur þátt í gjörningi með vini sínum sem honum þykir þó mjög heimskulegur. Það mætti halda því fram nokkuð skorti á heiðarleika og hreinskiptni hjá Jakobi og að honum bæri skylda til þess sem sönnum vini að gera tilraun til þess að leiða vin frá villu vegar. Einnig gæti afstaða hans borið vott um nokkurn hroka þar sem hann lætur vitleysuna eftir Bangsímon eins og hann væri óviti sem ekki er hægt að útskýra einföldustu mál fyrir. Eða eigum við að líta svo á að um raunverulega væntumþykju sé að ræða vegna þess að hann lætur að ósk vinar síns jafnvel þótt hann telji sig vita betur. Þar með er hann í verki að fallast á forsendur vinar síns þótt hann geri það ekki í raun. Hér vakna margar siðferðilegar spurningar um kærleika, væntumþykju og ekki síst vináttu. Getur væntumþykja falist í því að fallast á blekkingu vina okkar ef við vitum að hún færir þeim eitthvað sem þeim finnst skipta máli? Við getum bætt því skilyrði við að í fyrrgreindum aðstæðum teljum við blekkinguna ekki skaðlega vini okkar. Hvenær felst væntumþykja í því að mótmæla og hvenær að samþykkja? Við vitum að verstu verk hafa verið unnin sem “kærleiksverk”. Grunnforsenda ákvarðana í okkar eigin lífi er hvað við teljum okkur vera fyrir bestu. Sú hugmynd að okkur beri að hlutast til um líf þeirra sem okkur þykir vænt um á þeirri forsendu sem við teljum þeim fyrir bestu er umdeilanlegri þar sem við verðum á sama tíma að virða sjálfræði þeirra.”

### Æfing 31 Að þykja vænt um

- *Hvernig fer ég með leikfang sem mér þykir vænt um?*
- *Hvernig fer ég með gæludýr sem mér þykir vænt um?*
- *Ef mér þykir vænt um vin minn fer ég þá í leik sem hann vill fara í?*
- *Á ég að segja þeim sem mér þykir vænt um ef mér finnst hann í ljótum fötum?*
- *Á ég að slíta orma með vini mínum ef honum finnst það gaman?*
- *Á ég að plata fyrir fólk sem mér þykir vænt um?*
- *Á ég að segja þeim sem mér þykir vænt um þegar mér finnst þeir vitlausir?*

## Fylgiskjal 9

Reykjavík 17.03.00

### Til foreldra elstu barna í Klettaborg

Í tengslum við þróunarverkefnið “leggjum orð í belg” var fyrirhugað að innleiða málfarsverkefni fyrir elstu börnin, með áherslu á tjáningu með heimspekiaðferð. Nú er þetta verkefni að líta dagsins ljós. Sigurður Björnsson er byrjaður að vinna að kennsluleiðbeiningum við barnabókina Bangsímón og hefur afhent okkur fyrstu æfingarnar. Við munum vinna með fyrra heftið af sögunni. Vikuna 20. mars til 24. mars verður sagan lesin fyrir elstu börnin. Bókin er 5 kaflar og verður einn kafli lesinn á dag fyrir hvern hóp. Það er gert til þess að börnin fái heildarsýn yfir söguna. Eftir það verða samræðustundir um einstök efni. Þá verða börnin ekki upptekin af söguþræðinum heldur geta þau einbeitt sér að umræðuefninu sem verður dregið fram.

Sögulesturinn fer fram kl. 8.30-9.00 fyrir hópana sem eru á morgnanna og kl. 15.15-15.45 fyrir hópinn sem er eftir hádegi. Það er mjög mikilvægt fyrir barnið að koma í allar sögustundirnar til þess að fá heildarsýn yfir söguna.

Í framhaldi af lestrinum verður samræðustund tvisvar í viku. Á morgnana verður stundin kl. 8.30-9.00 á þriðjudögum og fimmtudögum. Eftir hádegi verður samræðustundin í framhaldi af vinnustundinni á miðvikudögum og fimmtudögum. Ásta, Eygló og Sigga Lára verða með þetta verkefni.

Foreldrum er velkomið að skoða kennslugögnin og sjá hvernig efnið er byggt upp, og er það hjá deildarstjórum og leikskólastjóra.

Það hefur auðvitað ekki farið framhjá foreldrum að sérstakt starf (borgarverkefnið) elstu barnanna hefur farið seinna af stað en áætlað er. Þetta verkefni byggist mikið á ferðum. Veðrið hefur hamlað því að farið sé í ferðirnar, en í hópunum er byrjuð heilmikil umræða. Vonandi fer veðrið að lagast og þá verður farið á fullt í þetta verkefni. Inn í okkar verkefni fléttast verkefni í samvinnu við Kramhúsið “2000 börn árið 2000” og heldur Ásta utan um það. Í ár verður okkar verkefni því ekki eins áberandi og áður því við erum í raun með þrjú verkefni í gangi með elstu börnunum í stað eins áður. Það skapar fjölbreytni, en hvert verkefni verður minna áþreifanlegt fyrir foreldra.

Bestu kveðjur

Lilja Eyþórsdóttir, leikskólastjóri

Fylgiskjal 10

**Vinnustund kl. 10:00**

<b>Verkefni: Hvernig leiðbeinir starfsmaður í vinnustund</b>	
<b>Hver / hverjir eru í athuguninni:</b>	
Talar við allan hópinn	
Bein fræðsla	
Notar nafn barns	
Opin spurning	
Skýrar leiðbeiningar	
Uppörvun	
Jákvæð athugasemd	
Neikvæð athugasemd	
Suss	

Athugasemdir að lokinni athugun:



Fylgiskjal 11

**Hvernig leiðbeinir starfsmaður í vinnustund - niðurstöður**

- Þátttakandi: starfsmaður X
- Tími: 10:00 – 10:10
- Efni: Teikning
- 1. athugun

Spurning	Tíðni
Talar við allan hópinn	0
Bein fræðsla	0
Notar nafn barns	18
Notar opna spurningu	12
Gefur skýrar leiðbeiningar	5
Notar uppörvun	13
Notar jákvæða athugasemd	11
Notar neikvæða athugasemd	0
Notar suss til að þagga niður í barni	0

*Athugasemdir: Börnin sátu í hóp og sungu “lítill og stór”, ræddu á eftir um hvað er lítið og hvað er stórt. X kynnti fyrir þeim verkefnið sem þau ætluðu að fara að vinna með, skýr skilaboð sem börnin tóku vel eftir.*

- Þátttakandi: starfsmaður X
- Tími: 10:15 – 10:25
- Efni: Söngur og umræður
- 2. Athugun

Spurning	Tíðni
Talar við allan hópinn	5
Bein fræðsla	5
Notar nafn barns	14
Notar opna spurningu	12
Gefur skýrar leiðbeiningar	5
Notar uppörvun	8
Notar jákvæða athugasemd	4
Notar neikvæða athugasemd	0
Notar suss til að þagga niður í barni	0

*Athugasemdir: Börnin eru að vinna við að teikna “stórt og lítið”, X skrifar á myndirnar hvað börnin hafa verið að gera. Fellur ekki í þá gryfju að tala um hversu myndirnar eru fallegar. Börnin eru áhugasöm og ræða mikið saman um það sem þau eru að gera. Ekki rifrildi eða óeðlilegur hávaði, X heldur allan tímann sömu rólegu framkomunni*

## Fylgiskjal 12

### Vinnuaðferðir fyrir starfsfólk - áherslu-tímabil

Starfsmenn voru sammála um að gera átak í samskipta aðferðum sínum í leikskólanum. Ákveðið var að hafa 4 áherslur, hver áhersla væri í tvær vikur og láta þær rúlla yfir veturinn. Einnig var rætt um að hafa ganginn í kringum Glym og Klettasyllu „hvíslgang“, til þess m.a. að draga úr hávaða og minnka truflun sem verður inni á deildum og svæðunum í kring.

#### 1. áhersla:

- Lækka röddina og setja gleðitón í hana.
- Aðalæfingarsvæðið verði á matmálistímum, vinnu- og samverustundum.

#### 2. áhersla:

- Beygja sig í hnjánum og ná augnsambandi.
- Aðalæfingarsvæðið verði í Lundi og heimastofum.

#### 3. áhersla:

- Ganga til barnanna og veita snertingu, bæði að eigin frumkvæði og þegar um gagnkvæm samskipti er að ræða.
- Aðalæfingarsvæðið verði heimastofur og vinnustundir (ath. með útiveruna).

#### 4. áhersla:

- Nota hvatningarsamskipti.
- Aðalæfingarsvæði verði í heimastofum, í tiltekt (bæði úti og inni), vinnustundum og frjálsum leik.

Starfsmaður tileinki sér: **t.d. í tiltekt** að tala um það sem börnin eru að gera á jákvæðan hátt dæmi: „Jón er að taka saman kubbana“ - „Sigga er að ganga frá litunum“

Ef börnin vilja ekki taka þátt í tiltekt, þá er hægt að taka frá nokkur leikföng og taka skýrt fram að þetta sé tekið frá fyrir barnið, og láta barnið vita að þetta sé fyrir það. Fylgja þessu eftir án undantekninga og gefa barninu mikið hrós á eftir. Þegar tiltekt er lokið er endað á hrósi t.d. koma saman, telja upp á 10 og hrópa húrra.

**T.d. í leik** að sýna að við tökum eftir barninu í leik, dæmi: „þú ert að byggja úr kubbum“ - „þið eruð að vinna saman/hjálpast að“ - „þið eruð að skiptast á“ - „góð hugmynd hjá þér að...“

Þetta miðast við að starfsmaðurinn tileinki sér frumkvæði í samskiptum við börnin.

Það kom fram á skipulagsdeginum að Hrafnaklettur hefur um skeið, markvisst notað samskipti við börnin sem undirstrika virðingu þeirra á eigin tilfinningum. Þetta er gert t.d. á þennan hátt:

- Barn vill ekki fara í pollaföt - starfsm. Segir: „ég veit þú vilt ekki fara í pollaföt en nú er rigning og það er nauðsynlegt....“
- Barn segir: „ég vil fara í dúkkukrók“ - starfsm. Segir: „ég veit þú vilt..... en nú er það ekki í boði, viltu fara í ....?“
- Barn er að lemja/rífa af - starfsm. Segir: „Jón/Jóna vill ekki láta lemja sig/rífa af sér“ „honum/henni finnst vont á láta lemja sig/rífa af sér“
- Starfsm. segir við barn sem er búð að lemja/rífa af : „segðu Jóni/Jónu að þú viljir ekki láta lemja þig / rífa af þér“.

## Fylgiskjal 13

### 4 - Að búa til sögu í bók

Tími: 8. nóv.-26. nóv.

#### Fræðsla-viðfangsefni:

Sjá síðasta tímabil

Hópurinn býr til eina sögu/vísu saman og gerir bók

Leikrit út frá sögunni/vísunni

**Ath.** fræðsla fyrir 1. desember í framhaldi af tímabili 4

28. nóvember er 1. sunnudagur í aðventu.

#### Orðalisti:

#### Rithöfundur, listamaður, myndlistamaður, prentsmiðja prentari

#### Leikir:

Pílaranda

-Stóra barnabókin bls. 86

#### Pulur:

Gamla góða Stína

-Stór bók

Framhald frá tímabili 3 - vinna áfram með það sem þar er skráð.

#### Söngur:

Guttakvæði bls. 3

Lallavísur bls. 5

#### Listsköpun:

Myndskreyting á bók, hver fær sína bók (ath. nánar). Stærð A4 eða stærri, nota ljósrit fyrir hópinn (ath. betur hjá Önnu Kristínu).

#### Annað:

#### Þórarinn Eldjárn, Sigrún Eldjárn

Lesi:

B2

Óð fluga

Heimskringla

## Fylgiskjal 14

### 3 - Þulur og vísur í leik

**Tími:** 18. okt-5. nóv.

**Fræðsla-viðfangsefni:**

Fara með þulur og vísur

Nýta taktinn og hrynjandann í málinu

Leika sér með röddina (sterk/veik-björt/dimm)

Leika þuluna/vísuna

Hvísla þuluna/vísuna

Vinna með eina setningu t.d. "og aumingja Tryggur fékk ekki neitt" (sjá bókina Gamla góða Stína)

Nota kasettutæki/hlustun

Fara með vísu/þulu -hópurinn/einstaklingur

Setja inn hljóð (dýra/náttúru)

**Ath.** 23. okt. er fyrsti vetrardagur

**Orðalisti:**

Hvernig notum við röddina – sterkt – veikt, hátt – lágt, hratt- hægt, bjart- dimmt

**Leikir:**

**Pabbi, mamma og börnin (Eygló)**

**Þulur:**

*Karl fór yfir um á* -*Fleiri gamlar vísur bls. 10*

Gamla góða Stína -Stór bók

**Ath.** vinna með þuluna Gamla góða Stína og leika þuluna, taka inn í tilfinningar t.d. "og aumingja Tryggur fékk ekki neitt" (leiður-hryggur-reiður-svangur).

**Hugmyndabanki:** (veljið úr eftirfarandi)

Prestkonukvæði - Fljúga hvítu... bls. 70

Þegar klukkan slær 5 - Fljúga hvítu... bls. 66

Sól skín á fossa - Söngbókin... bls. 19

Fallin spýta - Ljóðsprotar... bls. 104

Kalli sat undir kletti - " ... bls. 30

Komdu kisa mín - " ... bls. 25

Heyrði ég í hamrinum - " ... bls. 80

**Söngur:**

Tilfinningablús bls. 3

Ferskeytlur bls. 14

**Mér er kalt á tánum bls. 1**

**Listsköpun:**

Hvert barn býr til vetrarmynd t.d.. batik, klippimynd (frjáls útfærsla).

## Fylgiskjal 15

### **Málörvun**

Í leikskólanum fer fram almenn málörvun í daglegu starfi. Alltaf eru einhver börn sem þurfa meiri hvatningu/örvun í máli heldur en það sem gert er daglega. Rannsóknir sýna að gott vald á móðurmáli verður einn af hornsteinum einstaklingsins sem hann tekur með sér út í lífið. Deildarstjórar hafa farið yfir barnahópin og metið það að nokkur börn þurfa tímabundna örvun í máli. Það er helst á sviði tjáningar, hlustunar, skilnings og framburðar (slappleiki í vöðvum og tungu). Ákveðið hefur verið að fara af stað með 3 æfingahópa. Hver hópur fer einu sinni til tvisvar í viku í æfingatíma frá 13. mars til 17. maí.

Æfingartímarnir byggjast upp á því að farið er í leiki, notuð spil, æfð hlustun, æft rím og framsögn.

Í málskilningshópnum er lögð áhersla á afstöðu- og stærðarhugtök, liti og tölur, einnig verður máltjáning æfð. Í máltjáningarhópnum verður aðaláherslan á tjáningu, einnig fer fram hljóðgreining á orðum.

Anna Hjördís leikskólakennari (á Hk.) sér um málörvunina og vinnur með hópana.

Rétt er að taka fram að við erum ekki með talmeinafræðing sem hefur athugað börnin en ef okkur finnst þau þurfa meiri aðstoð en þau fá hér, þá hvetjum við foreldra til þess að leita til talkennara og fá ráðgjöf. Það er nauðsynlegt að talkennari athugi t.d. hljóðmyndun ef barn vantar hljóð í orðin.

Málörvunin fer fram á þessum tíma:

Hópur 1	mánudag kl.10.30 og miðvikudag kl. 10.00
Hópur 2	mánudag og miðvikudag kl. 11.10
Hópur 3	mánudag og miðvikudag kl. 13.00

Á mánud. verður málörvunin í Hljóðakletti og á miðvikudögum í Undirbúningsherbergi.

Ef frekari spurningar vakna þá er Anna Hjördís og deildarstjórinn tilbúnar að svara þeim.

07.03.00

Með kveðju

Lilja Eyþórsdóttir, leikskólastjóri.